

Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar

Fundargerð

Fundur haldinn í Fagráði Atvinnuþróunar og Nýsköpunar þriðjudaginn 12. maí, kl. 16:00, á skrifstofu SSNV á Hvammstanga. Mætt voru: Leó Örn Þorleifsson, formaður, Hólmfríður Sveinsdóttir, Guðmundur Haukur Jakobsson, Gunnsteinn Björnsson, Elín Aradóttir og Sveinbjörg Pétursdóttir, starfsmaður fagráðsins sem jafnframt ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar var eftirfarandi:

1. Yfirlit yfir umsóknir sem bárust

Alls bárust 30 umsóknir um verkefnastyrki. Samtals var sótt um 94,5 milljónir króna en til úthlutunar eru 30 milljónir. Vakin var athygli á því að umsókn nr. 2015-7 barst eftir að umsóknarfrestur rann út og ákveðið að fagráðið leggi ekki mat á umsóknina. Enn fremur var vakin athygli á að ekki bárust staðfestingar um samstarf við verkefni nr. 2015-12, 2015-29, 2015-30, og umsóknaraðili að umsókn nr 2015-24 er ekki með lögheimili á Norðurlandi vestra og koma þar af leiðandi ekki til greina við úthlutun í samræmi við verklags- og úthlutunarreglur.

2. Verkferlar við mat á umsóknum

Rætt um fyrirkomulag varðandi yfirferð umsókna og mat á þeim.

3. Reglur um vanhæfi

Farið yfir reglur um vanhæfi. Í framhaldi af því lýsti Hólmfríður Sveinsdóttir yfir vanhæfi á að meta umsókn nr. 2015-4 og 2015-28. Guðmundur Haukur Jakobsson lýsti jafn framt yfir vanhæfi á að meta umsókn nr. 2015-5 og 2015-7. Gunnsteinn Björnsson lýsti yfir vanhæfi til að meta umsókn nr. 2015-29 og 2015-30.

4. Önnur mál

Næsti fundur ákveðinn föstudaginn 22. maí, kl. 13:00, á skrifstofu SSNV á Hvammstanga.

Fundi slitið kl 17:10.

Sveinbjörg Pétursdóttir

Leó Örn Þorleifsson
Elín Aradóttir
Gunnsteinn Björnsson
Hólmfríður Sveinsdóttir
Guðmundur Haukur Jakobsson